

Ágrip

Markmiðið með því að fá íbúa Mosfellsbæjar til að taka þátt í rýnihópavinnu við að meta stöðu og æskilega þróun miðbæjar Mosfellsbæjar er að fá dýpri skilning á viðfangsefninu en fékkst með viðhorfskönnun sem gerð var í desember 2006. Í þeirri könnun var ekkert fjallað um fyrilliggjandi tillögu um deiliskipulag miðbæjarins, en það var stór hluti af vinnu rýnihópanna tveggja að koma með ábendingar við skipulagstillöguna.

Sem dæmi um helstu niðurstöður í vinnu rýnhópanna er eftirfarandi:

- Svör í rýnihópum voru almennt mjög svipuð og fram komu í viðhorfskönnun – fólk heimsækir miðbæ oft og kaupir þar stóran hluta af matvörum
- Mosfellsbæingar myndu heimsækja miðbæinn enn oftar ef þar væri fjölbreyttari þjónusta, sérstaklega vantar meiri og fjölbreyttari verslunarþjónustu.
- Svarendum finnst miðbærinn í dag of dreifður og sundurlaus. Það vanti samfelldari byggð, meiri gróður og skjól fyrir vindum og meiri hlýleika. Einnif betur hannaðar byggingar.
- Gagnrýni á tillögu að deiliskipulagi beindist einkum að því að of mikil áhersla væri á nokkuð þetta og háreista íbúðabyggð. Meiri áhersla ætti að vera á verslun- og þjónustu þ.e. miðbæjarstarfsemi.
- Fyrsti áfangi uppbyggingarinnar ætti að vera við Þverholt út frá Kjarna, verslun, þjónusta, samkomutorg og jafnvel menningarhús.
- Annar áfangi við Háholt, með áherslu á þjónustu norðan götu og lága fjölbýlishúabyggð sunnan götu. Rífa ætti gömul verslunarhús norðan götu, en helst ætti að hlífa gróðri við Bjarkarholt og gera þar skrúðgarð.
- Hjá mörgum þáttakendum kom fram gagnrýni á staðsetningu kirkju á mótaum Þverholts og Háholts. Of þróngt væri um hana á þessum stað á milli stórra verslunarhúsa. Nokkrir bentu á svæðið þar sem leikhús er nú sem betri stað.
- Allir vildu vernda klapparholtið og tengja það betur við miðbæinn með göngustígum. Mörgum fannst vanta göngu- og dvalarsvæði í skipulagstillöguna, stærra torg og meiri gróður.
- Mestur áhugi var á því að í fyrsta áfanga í uppbyggingu miðbæjarins kæmi meira verslunarhúsnæði, menningarhús fyrir fjölbreytta starfsemi, fallegt torg og jafnvel kirkja.
- Flestum leist vel á að fá framhaldsskóla í miðbæinn t.d staðsettan á mótaum Bjarkarholts og Langatanga. Nokkrir nefndu að það vantaði að skapa tákn/ímynd fyrir miðbæinn.

5 lokaorð – helstu ábendingar


- Meðal þáttakenda bar töluvert á gagnrýni á umfang íbúðarhúsnæðis í miðbænum skv. tillögunni, sérstaklega við Þverholtið. Fjölbýlishúsin væru að auki of há og útfærslan ekki sannfærandi. Mörgum leist þó vel á lægri fjölbýlishús á ræmunni milli Háholts og Vesturlandsvegar. Meirihluti virtist á þeirri skoðun að leggja hefði mátt meiri áherslu á útfærslu verslunar- og þjónustuhúsnæðis í tillögunni.
- Sú einstök bygging sem mest var fjallað um var kirkjan, sem í tillögunni er sett við Háholts gegnt Krónunni og kom fram gagnrýni á það staðarval hjá rúmum helmingi, þáttakenda. Af þeim sem höfðu skoðun á því hvar hún væri þá betur niðurkomin mæltu flestir með því að hún færi á lóð leikfélagsins, sem yrði flutt í nýtt hús í miðbænum, en einnig voru nefndir staðir vestar við Háholts og við gatnamót Þverholts og Skeiðholts.
- Meirihluti þáttakenda taldi að fyrsti áfangi uppbyggingar ætti að vera útfrá Kjarna í Þverholti. Þar vildu menn sjá stærra torg en fram kom í tillögunni og fyrst og fremst verslunar- og þjónustuhús. Háholts norðan megin götu yrði næsti áfangi og mætti rífa gömul hús sem þar standa. Sunnan Háholts mætti byggja í bland íbúðarhús og verslun mögulega á fyrstu hæð húsa.
- Allir vildu vernda klapparholtið í miðbænum og auka trjágróður og útvistarmöguleika í miðbænum. Margir vildu hlífa gróðrinum við Bjarkarholt og koma þar fyrir skrúðgarði. Þá vantaði betri göngu- og dvalarsvæði í tillöguna sem og göngu- og hjólastíga.
- Þær tvær byggingar sem flestir töldu að helst vantaði í miðbæ eru:
 - 1) Verslunarmiðstöð fyrir sérverslanir og þjónustu mögulega tengd Kjarna.
 - 2) Menningar- eða fjölnotahús fyrir ýmsa menningar- og félagsstarfsemi. Það gæti hýst leiklistarstarfsemi, tónlist, myndlist og félagsstarf ungmenna og eldri borgara. Jafnvel gæti safnaðarheimili verið hluti af slíkri menningarmiðstöð.
- Hugmyndum um að fjölbautarskóli yrði reistur í miðbænum var vel tekið af þáttakendum og fannst flestum að staðsetning á mótaum Bjarkarholts og Langatanga kæmi vel til greina.
- Fram kom sú skoðun að æskilegt væri að reisa í miðbænum byggingu, sem gæti orðið helsta tákni Mosfellsbæjar.
- Aðspurðir um það hvernig þeim litist almennt á tillögu að miðbæjarskipulagi, valdi rúmur þriðjungur þáttakenda miðsvarið, „hvorki né,“ en hinir skiptust hnífjafnt milli jákvæðrar og neikvæðrar afstöðu, þannig að reikningslega fékk tillagan meðaleinkunn hjá rýnihópunum. Slíka einkunnargjöf er þó rétt að taka með öllum fyrirvörum, og líta fremur á afrakstur rýnihópavinnunnar sem innlegg í rökræðu um miðbæinn, sem taka þarf afstöðu til í framhaldi skipulagsvinnunnar.

Nokkrir nefndu að æskilegt væri að byggja viðbyggingar fyrir sérverslanir út úr Kjarna, svipað og tillagan sýndi suður í átt að hringtorgi.

Nokkrir nefndu að þeim litist ekki sérlega vel á útlit bygginga í tillögunni, þær væru kassalaga og hlýleika vantaði. Hús væru of há og byggðin virtist mjög þétt. Það vantaði að sýna meira aðlaðandi göngu- og hvíldarsvæði. Þá vantaði miðpunkt eða torg þar sem bæjarbúar gætu safnast saman á góðviðris- og tyllidögum.

Svör við spurningalista um deiliskipulagstillöguna

Í spurningalista voru þáttakendur beðnir að gefa tillöggunni einkunn þ.e. hvort þeim litist mjög vel, vel, hvorki né, frekar illa eða illa á tillöguna. Mynd 2 sýnir niðurstöður svara:



Mynd 2

Á heildina litið var afstaða þáttakenda til tillögunnar ekki afgerandi á annanhvorn veginn. Einn gaf henni hæstu einkunn og annar lægstu, fjórum leist vel á hana og jafnmörgum frekar illa, en stærsti hópurinn (6) gaf henni miðeinkunnina (hvorki né). Síðari hópurinn, sá eldri, var heldur neikvæðari gagnvart tillöggunni en sá fyrrí og beindist gagnrýni þar helst að því að of mikil íbúðabyggð væri sýnd á tillöggunni. Karlar og yngri svarendur voru ívið jákvæðari gagnvart tillöggunni en konur og eldri svarendur.

Í töflu 1 á næstu síðu eru dregnar saman helstu ábendingar/svör sem fram komu á spurningalista um tillöguna og eins þær upplýsingar sem þáttakendur færðu inn á loftmyndina á miðbænum. (Sjá spurningar í viðauka III) Eins og fram hefur komið tóku 16 manns þátt í rýnhópunum tveimur og var misjafnt hversu margar ábendingar fólk kom fram með um einstök atriði. Ábendingarnar eru flokkaðar í eftirfarandi efnispætti: 1) Íbúðabyggð, 2) Kirkja, 3) Umhverfismál, 4) Byggð og þjónusta.